

stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 34. gr. áfengislaganna að svipta kærðan veitingaleyfi, og þykir sviptingartíminn hæfilega ákveðinn 3 mánuðir. Kærðum ber að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Einars B. Guðmundssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Einar Eiríksson, greiði 300 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal og sviptur veitingaleyfi í 3 mánuði.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Einars Guðmundssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1938.

Nr. 109/1936. Svafar Guðmundsson f. h. útibús Útvegsbanka Íslands h/f á Akureyri

(Theódór B. Lindal)

gegn

Jóni Vilmundarsyni og Einari Malmqvist Einarssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Deila um sjóveð. Meðalganga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem ekki var aðili í máli þessu í héraði, hefir sem meðalgöngumaður skotið því til hæstaréttar með stefnu 27. júlí 1936, og hefir hann krafizt

þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, en til vara, að ákvæði hans um sjóveðrétt í v/s Stathav S. I. 21 verði með öllu niður fellt, og til þrautavara, að sú upphæð, sem tryggð verði með sjóveðrétti, verði lækkuð, svo sem hann hefir nánar skýrt fyrir dóminum. Loks krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, með þeirri breytingu þó, að sjóveðréttur verði nú ákveðinn í uppboðsandvirði nefnds skips, er umboðsmenn aðilja kveða hafa verið selt á nauðungaruppboði „haustið 1936“, og hafi uppboðsandvirðið verið greitt til uppboðshaldara eða áfrýjanda. Svo krefjast stefndu málskostnaðar af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Heimild sína til áfrýjunar máls þessa byggir áfrýjandi á því, að hann hafi átt samningsveð í skipinu, og hafi eigi fengizt full greiðsla á veðskuldinni af uppboðsandvirði þess vegna sjóveðréttar þess, sem ákveðinn er í hinum áfrýjaða dómi. Umboðsmönnum aðilja kemur saman um þessi atriði. En að öðru leyti hefir ekki verið gerð grein fyrir þessum atriðum.

Ómerkingarkrafa áfrýjanda kemur þá fyrst til athugunar. Í málinu í héraði lagði stefnandi þar, Jón Vilmundarson, fram skilriki lögskráningarstjórans á Akureyri, dags. 5. júlí 1935, um það, að Jón ráðist 1. vélstjóri á framangreint skip „til sildveiði“, en jafnframt segir svo: „Vistartíminn byrjar 1/1 1935. Vistartíminn endar 31/12 1935“. Kaup var ákveðið 250 krónur um mánuð hvern allt árið 1935. Viðurkennt er, að greiðzt hafi af kaupi þessu kr. 827.45, en dómkrafan í héraði var árskaupið, kr. 3000.00, ÷

Þessum kr. 827.45 = kr. 2172.55, sem stefndi Einar Malmqvist Einarsson samþykkti rétta, og héraðsdómurinn því dæmdi honum skylt að greiða, ásamt vöxtum og málskostnaði. Með hliðsjón af varakröfum áfrýjanda verður að ætla, að hann beini ómerkingarkröfu sinni ekki að framantöldum ákvæðum héraðsdómsins, heldur aðeins að ákvæði hans um sjóveðrétt. Ákvæði héraðsdómsins um greiðslur stefnda Einars Malmqvists Einarssonar til stefnda Jóns Vilmundarsonar ber því að staðfesta samkvæmt kröfu hinna stefndu hér fyrir dómi.

Kemur þá til álita krafa áfrýjanda um ómerkingu ákvæðis héraðsdómsins um sjóveðréttinn. Með viðurkenningu sinni á skuldakröfu Jóns Vilmundarsonar gat Einar Malmqvist Einarsson ekki veitt Jóni sjóveðrétt í ofanefndu skipi, nema krafa Jóns væri þann veg tryggð að lögum. Af áðurnefndri lögskráningu verður það eitt með vissu ráðið um þetta atriði, að Jón Vilmundarson hafi starfað á skipinu frá 5. júlí 1935 til loka síldveiðitímans fyrir Norðurlandi, eða fram í september 1935. Hvert samband hans við skipið fyrir og eftir þann tíma árið 1935 hafi verið, var ekki upplýst í flutningi málsins í héraði svo, að dómur um sjóveðrétt í skipinu yrði á því byggður, sízt til tryggingar allri dómkröfunni. Með því að héraðsdómurinn hefir með þessum hætti dæmt stefnanda í héraði sjóveðrétt til tryggingar dómkröfum hans, enda þótt málsútlistun hans væri svo verulega áfátt sem nú hefir lýst verið, þá þykir verða samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja ákvæði hins áfrýjaða dóms um sjóveðrétt í v/s Stathav S. I. 21 og vísa sjóveðréttarkröfunni frá héraðsdómi. Og kemur þá eigi heldur til greina í þessu máli krafa stefndu um sjóveð í uppboðsandvirði skipsins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Áfrýjunarstefna í máli þessu er útgefin 27. júlí 1936 til þingfestingar í október s. á. Skjöl málsins afgreiddi umboðsmaður áfrýjanda, Theódór hæstaréttarmálflutningsmaður Líndal, umboðsmanni hinna stefndu með bréfi 7. jan. 1938. Þennan langa drátt á málinu hefir nefndur hæstaréttarmálflutningsmaður ekki réttlætt, og verður því að víta hann fyrir dráttinn.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslur stefnda í héraði, Einars Malmqvists Einarssonar, til stefnanda þar, Jóns Vilmundarsonar, eiga að vera óröskuð.

Ákvæði sama dóms um sjóveðrétt í v/s Stathav S. I. 21 eiga að vera ómerk, og vísast sjóveðs-kröfunni frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur sjódóms Siglufjarðar 1. júlí 1936.

Með stefnu dags. 16. júní 1936 krefst Erlendur Þorsteinson, skrifstofustjóri Siglufirði, f. h. Jóns Vilmundarsonar, vélstjóra Akureyri, að stefndur, Einar Malmqvist Einarsson, útgerðarmaður Siglufirði, verði dæmdur til þess að greiða sér kr. 2172.55 sem eftirstöðvar af ógoldnu vélstjórakaupi téðs Jóns Vilmundarsonar s. l. sumar á v/k Stathav S. I. 21, eign stefnds, með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1936, og málskostnað að skaðlausu, sem í málflutningnum er sundurliðaður með kr. 277.10 og fer ekki fram úr lágmarkstaxta M. Í. Þá krefst og stefnandi sjóveðs í téðum v/k Stathav S. I. 21 fyrir fyrrgreindum kröfum sínum.

Stefndur hefir mætt í málinu og viðurkennt kröfur stefn-

anda, líka að því er málskostnað snertir. Verður því að dæma málið samkv. kröfum stefnanda.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Einar Malmqvist Einarsson, útgerðarmaður Siglufirði, greiði stefnandanum, Erlendi Þorsteinsyni, skrifstofustjóra Siglufirði, f. h. Jóns Vilmundarsonar, vélstjóra Akureyri, kr. 2172.55 með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 og kr. 227.10 í málskostnað.

Stefnanda tildæmist sjóveð í v/s Stathav S. I. 21 fyrir dómkröfum sínum.

Hið ídæmda að greiða innan 3ja daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 30. maí 1938.

Nr. 144/1937 Jón Ormsson (Jón Ásbjörnsson)

gegn

lögreglustjóranum í Reykjavík

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Ágreiningur um áritun lögreglustjóra á námsamning.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði skyldaður með dómi réttarins til þess að samþykkja með áritun sinni námssamning þann, er um ræðir í málinu, svo og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 1. mgr. 1. gr. laga um iðnaðarnám nr. 27/1936 segir svo, að iðnráðsfulltrúi samiðnaðarmanna á staðnum skuli rita á iðnaðarnámssamning vottorð